

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Friggjarbrunnur 14-16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 22. maí 2015, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, svæði 4, vegna lóðar nr. 14-16 við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum um eina og bílastæðum um eitt á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Stakkhamrar 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. maí 2015, breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 7 við Stakkhamra. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir viðbyggingu til norðausturs og norðvesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. maí 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2015